



Lúxemborg, 28. september 2012

FRÉTTATILKYNNING 12/2012

Dómur í máli E-18/11 *Irish Bank Resolution Corporation Ltd* gegn *Kaupþingi hf.*

SAMKVÆMT 14. GR. TILSKIPUNAR 2001/24/EB SKULU ÁKVÆÐI LANDSLAGA EKKI HEIMILA NIÐURFELLINGU KRÖFU ÞEKKTS EES-LÁNARDROTTINS, SEM EKKI HEFUR FENGIÐ SÉRSTAKA TILKYNNINGU UM SLIT LÁNASTOFNUNAR, JAFNVEL ÞÓTT INNKÖLLUN VEGNA SLITANNA HAFI VERIÐ BIRT MEÐ ALMENNUM HÆTTI.

DÓMSTÓLAR EFTA-RÍKJANNA, SEM EKKI SÆTA ENDURSKOÐUN ÆÐRI DÓMSTÓLA Á GRUNDEVILLI MÁLSKOTS, SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL TRÚNAÐARSKYLDU SAMKVÆMT SAMNINGNUM UM EES ÞEGAR ÞEIR TAKA ÁKVÖRÐUN UM HVORT LEITA EIGI EFTIR RÁÐGEFANDI ÁLITI FRÁ EFTA-DÓMSTÓLNUM

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Héraðsdómi Reykjavíkur varðandi túlkun á 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana.

Í október 2008 hófst slitameðferð Kaupþings hf. Stefndi í málinu, Kaupþing hf. birti lánardrottnum innköllun vegna slitanna í nokkrum dagblöðum á Evrópska efnahagssvæðinu, í Stjórnartíðindum ESB og á vefsíðu sinni. Í innkölluninni var skorað á alla sem töldu til hvers kyns skulda eða annarra réttinda á hendur bankanum að lýsa kröfum sínum skriflega innan sex mánaða frá birtingu innköllunar.

Í málinu sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur krefst Irish Bank Resolution Corporation Limited, sem átti tvö skuldabréf á hendur Kaupþingi og lagði inn kröfu eftir að lögbundinn frestur til að lýsa kröfum var runninn út, viðurkenningar á því að kröfurnar hefðu verið móttæknar innan kröfulýsingarfrestsins, og að þeim yrði bætt á kröfuskrá við slitameðferð bankans á þeim grundvelli að hann hafi ekki fengið sérstaka tilkynningu um slitin.

Eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á kröfu sóknaraðila um að leitað yrði ráðgefandi álits, kærði stefndi úrskurðinn til Hæstaréttar Íslands. Hæstiréttur féllst einnig á þá ákvörðun að leita skyldi álits EFTA-dómstólsins í málinu en gerði breytingar á sjálfum spurningunum.

EFTA-dómstóllinn álitur að 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls stuðli að sérstöku samstarfi á milli dómstólsins og dómstóla samningsríkjanna, með það að markmiði að veita dómstólum samningsríkjanna nauðsynlega túlkun á atriðum EES-réttar til að þeir geti leyst úr málum sem fyrir þá eru lögð. Dómstóllinn telur að það sé einungis sá dómstóll eða réttur aðildarríkis sem aðilar hafa lagt ágreining sinn fyrir og ber ábyrgð á hinni endanlegu dómsniðurstöðu sem ákveður, með hliðsjón af aðstæðum í hverju máli, bæði hvort nauðsyn er að afla ráðgefandi álits til að kveða upp dóm og hvaða þýðingu spurningarnar sem hann leggur fyrir dómstólinn hafa.

EFTA-dómstóllinn tekur fram að samskipti dómstólsins við landsdómstóla sem fara með endanlegt úrlausnarvald mála séu samkvæmt 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls fremur byggð á samvinnu en samskipti Evrópudómstólsins og æðri dómstóla ESB-aðildarríkjanna. Samt sem áður verða þeir dómstólar EFTA-ríkis sem ekki sæta endurskoðun æðri dómstóla á grundvelli málskots að taka tilhlýðilegt tillit til þeirrar trúnaðarskyldu sem þeir bera samkvæmt 3. gr. EES-samningsins. Dómstóllinn bendir í þessu samhengi á að ríkisborgarar og aðilar í atvinnurekstri í EFTA-ríkjunum njóta ávinnings af skyldu dómstóla ESB-aðildarríkja til að leita forúrskurðar hjá Evrópudómstólnum í þeim tilvikum þegar úrlausnir þeirra geta ekki sætt málskoti samkvæmt landslögum.

Enn fremur minnir dómstóllinn á að ákvæði EES-samningsins og ákvæði samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstól ber að túlka með hliðsjón af grundvallarréttindum. Í þessu tilliti verður

að hafa í huga að þegar dómstóll eða réttur sem fer með endanlegt úrlausnarvald samkvæmt landsrétti hafnar umsókn um að vísa máli til annars dómstóls, er ekki hægt að útiloka að slík ákvörðun geti farið í bága við ákvæði 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Einkum getur þetta átt við í þeim tilvikum ef ákvörðunin um höfnun er ekki rökstudd og telst því geðþóttaákvörðun, eins og nánar er útskýrt í dóminum. Þessi sjónamið geta einnig átt við þegar dómstóll eða réttur sem fer með endanlegt úrlausnarvald í máli samkvæmt landslögum hnekkir ákvörðun dómstóls af lægra dómstigi um að vísa máli, hvort heldur sem er í einkamáli eða sakamáli, til annars dómstóls, eða staðfestir ákvörðun um að vísa málinu áfram, en ákveður engu að síður að breyta spurningum dómstólsins af lægra dómstiginu.

Þar af leiðandi fjallaði dómstóllinn um spurningarnar, eins og þeim var breytt af Hæstarétti ásamt upphaflegu fyrstu spurningu Héraðsdóms Reykjavíkur, til að veita héraðsdómi eins fullnægjandi og gagnleg svör og mögulegt er í anda náinnar samvinnu dómstóla samkvæmt 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstól.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að íslensk útgáfa 14. gr. tilskipunarinnar er efnislega ólík öðrum tungumálaútgáfum ákvæðisins, þar með talið ensku, norsku, þýsku, frönsku, dönsku, sænsku, ítölsku og spænsku útgáfunum. Ríkisstjórn Eistlands og ESA hafa getið þess enn fremur að ákvæðið sé einnig efnislega frábrugðið eistnesku, finnsku og grísku tungumálaútgáfunum.

Dómstóllinn taldi að ef um væri að ræða ósamræmi í merkingu ákvæðis eftir því á hvaða tungumáli það er, þyrfti almennt að velja þá skýringu sem ætti stoð í sem flestum tungumálaútgáfum. Þá bæri að túlka viðkomandi ákvæði með vísan til markmiðs og heildarsamhengis þeirra reglna sem það er hluti af og, eftir því sem unnt er, til samræmis við almennar meginreglur EES-réttar. Sú tungumálaútgáfa sem endurspeglar markmið og heildarsamhengi þeirra reglna sem mælt er fyrir um í tilskipuninni, svo og meginreglur EES-réttar, telst því lýsa merkingu þeirra að EES-rétti.

Af þessum sökum álitur dómstóllinn að 14. gr. tilskipunar 2001/24/EB útiloki ákvæði landslaga sem heimila niðurfellingu á kröfum þekktra lánardrottna með lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu í öðrum EES-ríkjum, í kjölfar almennrar innköllunar á kröfum, þegar hver og einn þessara lánardrottna hefur ekki fengið sérstaka tilkynningu. Dómstóllinn benti á að einungis væri hægt að ná markmiðinu um myndun öflugs og einsleits Evrópsks efnahagssvæðis ef ríkisborgarar og aðilar í atvinnurekstri í EFTA- og ESB-ríkjunum nytu sömu réttinda innan EFTA- og ESB-stoðarinnar, þegar þeir þurfa að reiða sig á EES-rétt.

Því beri landsdómstóli að túlka ákvæði landsréttar með hliðsjón af orðalagi og markmiði tilskipunarinnar eftir því sem kostur er þannig að niðurstöðunni sem stefnt er að með tilskipuninni sé náð á þann veg að einstaklingar eða aðilar í atvinnurekstri, sem teljist til þekktra lánardrottna en hafi ekki fengið sérstaka tilkynningu um slitin, eins og stefnandi, geti lýst kröfu hjá þeim aðila sem vald hefur til að taka við kröfum samkvæmt landsrétti innan gildandi frests, samkvæmt landslögum.

Sé sá möguleiki ekki fyrir hendi, benti dómstóllinn á að ef um væri að ræða brot EES-ríkis á EES-rétti, teldist hlutaðeigandi EFTA-ríki skyldugt til að greiða bætur fyrir tap og tjón sem einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri hefðu orðið fyrir.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.